

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Selfossi.

### 1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorpreinsi- og sorpeyðingargjald).

### 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði ..... kr. 6.000 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

| Flokkur | kr.    | Flokkur | kr.     |
|---------|--------|---------|---------|
| 1       | 8.000  | 6       | 115.000 |
| 2       | 16.000 | 7       | 150.000 |
| 3       | 23.000 | 8       | 190.000 |
| 4       | 48.000 | 9       | 225.000 |
| 5       | 76.000 | 10      | 265.000 |

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá B.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 130/1996 fyrir sorphirðu á Selfossi.

*Umhverfisstofnun, 6. janúar 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*